



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNARINNAR UM NÝ VERKEFNI ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA VIÐ BROTTFÖR VARNARLIÐSINS

Ríkisstjórnin hefur fjallað um margvísleg ný verkefni og breytta skipan á ýmsum sviðum innan lands sem huga þarf að við brottför varnarliðsins.

1. Stofnað verður hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu fyrrverandi varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Verkefni félagsins verður að koma þessu svæði og mannvirkjum á því með skipulegum hætti í arðbær borgaraleg not án þess að valdi röskun í samfélaginu. Félagið mun bera ábyrgð á og annast rekstur og umsýslu nánar tiltekinnar eigna á svæðinu, útleigu, sölu, hreinsun og eftir atvikum niðurrif mannvirkja, þar til verkefninu telst lokið. Félagið mun lúta forræði forsætisráðherra og mun ríkisstjórnin skipa tvo menn í stjórn þess en leitað verður til sveitarfélaga á Suðurnesjum um að skipa einn mann.

2. Til að efla almennt öryggi verður við endurskoðun laga um almannavarnir hugað að því að koma á fót miðstöð þar sem tengdir verði saman allir aðilar sem koma að öryggismálum innanlands, hvort heldur vegna náttúruhamfara eða vegna hættu af mannavöldum. Til að tryggja sem best samhæfingu innan miðstöðvarinnar munu forsætisráðherra, utanríkisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, samgönguráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra sitja í yfirstjórn hennar. Dagleg stjórn miðstöðvarinnar verður á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra og mun hann leggja fram frumvarp til nýrra almannavarnalaga.

3. Samhliða því sem unnið er að nýskipan lögreglumála, verður samstarf lögreglu, landhelgisgæslu, slökkviliða og björgunarsveita aukið enn frekar, þannig að tryggja megi þátttöku varaliðs hvarvetna þar sem þess kann að verða þörf í landinu.

4. Tryggt verður að íslensk yfirvöld hafi lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum.

5. Unnið verður að því að koma á öflugum öruggu fjarskiptakerfi, Tetra kerfi, sem nær til landsins alls.

6. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að efla þyrluþjónustu Landhelgisgæslunnar auk þess sem ný flugvél og nýtt varðskip verða keypt.

7. Ríkisstjórnin mun vinna að því að koma á laggirnar samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnsmálaflokkanna þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við sambærilega aðila í nálægum löndum.

8. Við brotthvarf varnarliðsins er eðlilegt að yfirstjórn málaflokka og stjórnsýsla á Keflavíkurflugvelli breytist til samræmis við það sem almennt tíðkast í landinu og mun ríkisstjórnin vinna að því. Fyrst um sinn verður stjórnsýslan á fyrrverandi varnarsvæði þó óbreytt frá því sem verið hefur. Jafnframt verður skilgreint sérstakt svæði á flugvellinum, undir yfirstjórn utanríkisráðherra, sem verður til afnota vegna æfinga á vegum Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins eða annarra hernaðarþarfa.

9. Gerðar verða ráðstafanir til að lesið verði úr öllum merkjum frá Ratsjárstofnun sem þýðingu hafa varðandi eftirlit með flugvélum í lofthelgi Íslands.

Samþykkt í ríkisstjórn 26. september 2006